

LANDSRÉTTUR

Úrskurður miðvikudaginn 15. apríl 2026.

Mál nr. 223/2026:

A og

B

(Oddgeir Einarsson lögmaður)

gegn

barnaverndarþjónustu Reykjanesbæjar

(Einar Hugi Bjarnason lögmaður)

Lykilorð

Kærumál. Börn. Barnavernd. Dómkvaðning matsmanns. Yfirmat.

Útdráttur

Kærður var úrskurður héraðsdóms þar sem hafnað var kröfu A og B um að dómkvaddir yrðu yfirmatsmenn til að meta forsjárhæfni þeirra. Í úrskurði Landsréttar kom fram að ýmis gögn lægju fyrir í málinu um aðstæður A og B og samskipti þeirra við barnaverndaryfirvöld. Ekkert gæfi til kynna að breytingar hefðu orðið á högum þeirra sem röskuðu grundvelli þeirrar matsgerðar sem nýverið hefði verið aflað um forsjárhæfni þeirra. Þá væri til þess að líta að málið sætti flýtimeðferð samkvæmt 53. gr. b barnaverndarlaga nr. 80/2002 og að samkvæmt 1. mgr. 54. gr. laganna skyldi kveðja sérfróðan meðdómsmann eða meðdómsmenn til setu í dómi. Við aðalmeðferð málsins ættu A og B kost á því að koma fyrir dóminn til skýrslugjafar auk þess sem þau gætu lagt fram frekari gögn málatilbúnaði sínum til stuðnings. Var hinn kærði úrskurður því staðfestur og beiðni A og B um dómkvaðningu yfirmatsmanna hafnað.

Úrskurður Landsréttar

Landsréttardómararnir Ásgerður Ragnarsdóttir, Eiríkur Jónsson og Jón Höskuldsson kveða upp úrskurð í máli þessu.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Sóknaraðilar skutu málinu til Landsréttar með kæru 19. mars 2026. Greinargerð varnaraðila barst réttinum 30. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 5. mars 2026 í málinu nr. E-[...]/2024 þar sem kröfu sóknaraðila um að dómkvaddir yrðu yfirmatsmenn til að meta forsjárhæfni þeirra var hafnað. Kæruheimild er í c-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.
- Sóknaraðilar krefjast þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og að dómkvaddir verði matsmenn til að framkvæma yfirmat í samræmi við beiðni þeirra. Þá krefjast þau kærumálskostnaðar eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.
- Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Niðurstaða

- 4 Varnaraðili höfðaði mál þetta á hendur sóknaraðilum og krefst þess að þau verði svipt forsjá dætra sinna, sbr. a- og d-lið 1. mgr. 29. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Við þingfestingu málsins 13. janúar 2025 var lagt fram forsjárhæfnismat sálfræðings 17. október 2022 sem varnaraðili aflaði í tengslum við vistun dætra sóknaraðila utan heimilis. Þá voru dómkvaddir matsmenn 10. febrúar 2025 í samræmi við beiðni sóknaraðila, annars vegar sálfræðingur og hins vegar prófessor emeríta í fötlunarfræðum. Í matsgerð þeirra 25. ágúst 2025 er fjallað ítarlega um forsjárhæfni sóknaraðila, þar með talið hvort fötlun þeirra komi í veg fyrir að þau geti bætt hæfni sína með markvissri þjálfun og fullnægjandi stoðþjónustu frá fagaðilum vegna umönnunar og uppeldis stúlkanna. Matsmenn töldu verulega ágalla á forsjárhæfni sóknaraðila og að þau geti ekki tryggt öryggi og velferð dætra sinna. Var meðal annars gerð grein fyrir uppeldislegri færni sóknaraðila að virtum stuðningi sem leitast hefur verið við að veita og hvernig þau hafa náð að tileinka sér hann. Fram kom að samstarf fagaðila við sóknaraðila hefði gengið erfiðlega og ekki tekist að veita öfluga stoðþjónustu eftir að stúlkurnar fæddust, svo sem lánast hefði eftir fæðingu eldri barna þeirra, en sóknaraðilar afþakki gjarnan þjónustu og sýni markaleysi gagnvart meðferðaraðilum. Fallist er á með héraðsdómi að þótt matsmenn hafi talið skorta á að sóknaraðilar hefðu notið fullnægjandi stoðþjónustu sem fatlaðir einstaklingar og foreldrar, hafi þeir lagt heildstætt mat á forsjárhæfni þeirra að virtum þeim stuðningi sem þau eiga rétt til.
- 5 Eins og rakið er í úrskurði héraðsdóms liggja fyrir ýmis gögn í málinu um aðstæður sóknaraðila og samskipti þeirra við barnaverndaryfirvöld. Ekkert gefur til kynna að breytingar hafi orðið á högum sóknaraðila sem raski grundvelli þeirrar matsgerðar sem nýverið var aflað um forsjárhæfni þeirra. Geta röksemdir sem sóknaraðilar hafa teft fram ekki breytt þeirri niðurstöðu. Þá er til þess að líta að mál þetta sætir flýtimeðferð samkvæmt 53. gr. b barnaverndarlaga og að samkvæmt 1. mgr. 54. gr. laganna skal kveðja sérfróðan meðdómsmann eða meðdómsmenn til setu í dómi. Við aðalmeðferð málsins eiga sóknaraðilar kost á að koma fyrir dóminn til skýrslugjafar auk þess sem þau geta lagt fram frekari gögn málatilbúnaði sínum til stuðnings.
- 6 Að framangreindu virtu verður hinn kærði úrskurður staðfestur með þeim hætti sem greinir í úrskurðarorði.
- 7 Kærumálskostnaður fellur niður. Með því að sóknaraðilum hefur ekki verið veitt gjafsókn fyrir Landsrétti verður þeim ekki úrskurðaður gjafsóknarkostnaður fyrir réttinum, sbr. til dæmis dóm Hæstaréttar 26. júní 2017 í máli nr. 396/2017 og úrskurð Landsréttar 20. febrúar 2026 í máli nr. 107/2026.

Úrskurðarorð:

Beiðni sóknaraðila, A og B, um dómkvaðningu yfirmatsmanna er hafnað.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 5. mars 2026

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 5. febrúar sl., var höfðað 13. janúar 2025 af Barnaverndarþjónustu Reykjanesbæjar, [...], gegn A og B, báðum til heimilis að [...].

Í málinu krefst stefnandi þess að stefndu verði svipt forsjá dætra sinna, C og D, sbr. a.- og d. lið 1. mgr. 29. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Þá er þess krafist að málskostnaður í málinu verði felldur niður.

Stefndu krefjast sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar eins og mál þetta væri eigi gjafsóknarmál.

Í þinghaldi 17. desember 2025 lögðu stefndu fram beiðni um dómkvaðningu yfirmatsmanna. Stefnandi mótmælti beiðninni og fór fram málf lutningur um kröfuna í þinghaldi 5. febrúar sl. Gerðu aðilar þá grein fyrir málsástæðum sínum og lagarökum og var ágreiningurinn tekinn til úrskurðar, sbr. 1. mgr. 66. gr. og 2. og 3. mgr. 112. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

I.

Mál þetta lýtur að kröfu stefnanda um að stefndu verði svipt forsjá dætra sinna. Dæturnar hafa verið vistaðar utan heimilis stefndu frá [...] 2022, fyrst á grundvelli samþykkis stefndu og síðan á grundvelli úrskurðar Umdæmisráðs [...] 2024. Grundvöllur hinnar upphaflegu vistunar utan heimilis var niðurstaða forsjárhæfnimats E, sérfræðings í klínískri sálfræði, dags. [...] 2022, sem stefndu sættu að beiðni stefnanda, en niðurstaða þess var sú að stefndu næðu ekki viðmiðum sem sett væru fyrir lágmarks forsjárhæfni. Þá sagði í matinu að frásagnir af leikskóla dætranna bentu til vanörvunar og tengslaskorts. Var mælt með því að dætrunum yrði komið í varanlegt fóstur og voru þær í framhaldinu vistaðar hjá móðursystur sinni, þar sem þær eru enn.

Stefnandi höfðaði mál þetta sem fyrr segir 13. janúar 2025 til forsjárviptingar stefndu. Á dómþingi í málinu 10. febrúar 2025 voru að beiðni stefndu dómkvaddar F sálfræðingur og G prófessor emerita í fötlunarfræðum til þess að meta nánar tilgreind atriði tengd forsjárhæfni stefndu. Var þar nánar tiltekið beðist mats á eftirfarandi atriðum: 1) hvort fötlun stefndu komi í veg fyrir að þau geti bætt forsjárfærni sína með markvissri þjálfun og fullnægjandi stuðningsúrræðum eða þjónustu, 2) hver forsjárhæfni stefndu sé og hvort þau teljist ófær um að sinna daglegri umönnun og uppeldi dætra sinna m.t.t. til þess að þeim sé veitt fullnægjandi stuðningsúrræði og þjónusta, 3) hvernig háttáð sé andlegri heilsu stefndu og hvort líklegt sé að þau séu ófær um að annast börnin vegna andlegrar vanheilsu, greindarskerðingar eða annarrar fötlunar þeirra að því gefnu að þau njóti fullnægjandi stuðningsúrræða, 4) hvernig háttáð sé tilfinningalegu sambandi og tengslum milli stefndu og dætranna, 5) hvort fullvíst sé að líkamlegri og andlegri heilsu barnanna og þroska þeirra sé hætta búin fari stefndu með forsjá þeirra, 6) hvort stefndu hafi til þessa notið fullnægjandi stoðþjónustu sem fatlaðir foreldrar til umönnunar og uppeldis barnanna, og 7) hvort önnur vægari úrræði en forsjárvipting gætu komið að gagni.

Matsmennirnir skiluðu matsgerð sinni 25. ágúst 2025. Þar er lýst því mati matsmannanna að uppeldis- og forsjárfærni stefndu sé verulega ábótavant og að þau geti ekki tryggt öryggi og velferð dætra sinna með fullnægjandi hætti. Þá er það niðurstaða matsmannanna að þroskaskerðing og andleg vanheilsa stefndu hafi gert að verkum að þeim reynist erfitt að eiga í samstarfi við fagaðila og tileinka sér stuðning. Loks er það niðurstaða matsmannanna að dætur stefndu hafi myndað góð og sterk tengsl við fósturforeldri sem mælt sé með að þær búi áfram hjá.

II.

Á dómþingi 17. desember 2025 kröfðust stefndu þess að dómkvaddir yrðu yfirmatsmenn til þess að meta sömu atriði og metin voru í fyrrgreindri matsgerð. Í yfirmatsbeiðni er vísað til þess að undirmatsgerð hafi ekki byggt á könnun á öllum atvikum auk þess sem litið hafi verið til atriða sem ekki hafi átt að hafa áhrif á niðurstöðuna. Þannig hafi það t.d. verið niðurstaða matsmanna að stefndu hafi ekki

notið fullnægjandi stoðþjónustu sem fatlaðir einstaklingar og að matsmenn telji mikilvægt að fram fari heilðrænt mat á stuðningsþörf stefndu. Í ljósi þessa telji stefndu það mat matsmannanna, að forsjársvipting ein komi til greina, sé illa rökstudd. Veita verði stefndu tækifæri og þá þjónustu sem þau eigi rétt á í uppeldinu og síðan meta hvort forsjársvipting sé nauðsynleg eða hvort þau geti mögulega haldið forsjá með miklum stuðningi. Loks hafi matsmenn ekki rætt við aðila sem stefndu hafi bent þeim á að ræða við. Allt framangreint valdi því að matsgerðin sé haldin verulegum ágalla.

Af hálfu stefnanda er beiðni um yfirmat mótmælt með þeim rökum að fyrir liggi ítarleg matsgerð dómkvaddra matsmanna sem ekki hafi verið sýnt fram á að sé gölluð. Ekkert bendi til þess að hagir stefndu hafi breyst frá því að matsgerð var unnin og sé nýtt forsjárhæfnimat því tilgangslaut til sönnunar og til þess fallið að tefja meðferð málsins andstætt hagsmunum dætra stefndu, sbr. 53. gr. b. barnaverndarlaga.

III.

Í þessum þætti málsins krefjast stefndu þess sem fyrir segir að dómari úrskurði um að yfirmatsmenn verði dómkvaddir í málinu til þess að meta nánar tilgreind atriði tengd forsjárhæfni stefndu. Samkvæmt 53. gr. b. barnaverndarlaga nr. 80/2002 sætir mál þetta flýtimeðferð í samræmi við ákvæði XIX. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Það leiðir af 1. mgr. 124. gr. síðarnefndu laganna að í málum af þeim toga ber að jafnaði að ljúka öflun sýnilegra sönnunargagna við framlagningu greinargerðar stefnda. Heimilt er þó að fresta máli vegna dómkvæðningar matsmanns í samræmi við hina almennu reglu 1. mgr. 46. gr. laga nr. 91/1991 telji dómari slíka sönnunarfærslu ekki bersýnilega tilgangslausa, sbr. 3. mgr. greinarinnar. Við mat á því hvort svo hátti til í málum sem höfðuð eru til forsjársviptingar hefur í dómaframkvæmd meðal annars verið litið til þess hvort í málinu liggi fyrir nýlegt mat á forsjárhæfni aðila, hagsmuna barns af því að meðferð máls sé hraðað og þess að sérfróður aðili sitji í dómi, sbr. m.a. úrskurði Landsréttar 4. nóvember 2022 í máli nr. 641/2022 og 28. júlí 2023 í máli nr. 546/2023.

Í málinu liggur fyrir ítarlegt forsjárhæfnimat E sálfræðings frá 17. október 2022 sem unnið var að beiðni stefnanda. Af matinu verður ráðið að sálfræðingurinn byggði niðurstöður sínar á viðtölum við stefndu, sálfræðilegum prófunum, heimsókn á heimili og viðtölum við starfsfólk barnaverndar og leikskóla. Í niðurstöðum sálfræðingsins er fjallað með ítarlegum hætti um forsjárhæfni stefndu, tengsl þeirra við börnin, andlega heilsu þeirra og áhrif á uppeldislega færni. Eins og áður er rakið er það niðurstaða matsins að forsjárfærni stefndu sé slök.

Meðal gagna málsins er einnig matsgerð tveggja dómkvaddra matsmanna frá 25. ágúst 2025. Í matsgerðinni, sem unnin var á tímabilinu mars til ágúst í fyrra af F sálfræðingi og G, prófessor emerita í fötlunarfræðum, kemur fram að við matið hafi matsmennirnir m.a. átt viðtöl við stefndu, starfsfólk barnaverndar og starfsfólk leikskóla dætra stefndu. Þá hafi verið fylgst með umgengni á heimili fósturforeldris, farið í heimavitjun og aflað upplýsinga frá leikskóla og barnaverndaryfirvöldum. Í niðurstöðum matsgerðarinnar er rakið það mat matsmannanna að forsjárhæfni stefndu sé skert og að daglegri umönnun dætra stefndu yrði verulega ábótavant yrði forsjá þeirra óbreytt. Matsgerðin er ítarleg og þar er m.a. rakin uppeldisleg færni stefndu með hliðsjón af þeim stuðningi sem þau hafa fengið og því hversu vel þau hafa náð að tileinka sér stuðning og eiga í samskiptum við fulltrúa stefnanda. Í málinu liggja einnig frammi ítarlegar upplýsingar um aðstæður stefndu og sögu síðustu árin, samskipti stefndu við dætur sínar, líðan dætranna fyrir og eftir vistun utan heimilis, samskipti stefndu við starfsfólk barnaverndar og hagi aðila eftir að börnin voru vistuð utan heimilis.

Af hálfu stefndu hefur ekki verið sýnt fram á að matsgerð dómkvaddra matsmanna sé röng eða að þar sé farið með rangfærslur sem haft hafi áhrif á niðurstöðu matsins. Þá er því ekki haldið fram að álitgerð fyrrgreinds E sé annmörkum háð. Á því er hins vegar byggt að skort hafi á að stefndu fengju fullnægjandi stuðning í uppeldinu og að mat á forsjárhæfni tæki mið af færni þeirra að teknu tilliti til stuðnings.

Sem fyrir segir er í fyrrgreindri matsgerð dómkvaddra matsmanna frá 25. ágúst 2025 fjallað um forsjárhæfni stefndu, þann stuðning sem þau hafa fengið og það hvernig þau hafa náð að tileinka sér stuðningsúrræði. Þótt niðurstaða matsmanna sé sú að stefndu hafi sem fatlaðir einstaklingar átt að fá meiri stuðning virðist sú staðreynd ekki hafa áhrif á eða takmarka getu matsmannanna til þess að leggja mat á uppeldislega færni stefndu með og án fullnægjandi stuðnings. Verður því ekki séð að yfirmatsgerð, þar

sem matsmönnum er ætlað að svara sömu spurningum og í fyrirbyggjandi matsgerð, muni bæta nokkru við sem þýðingu kunni að hafa við meðferð málsins.

Með hliðsjón af öllu framangreindu er það mat dómsins að gögn málsins veiti nægjanlegan grundvöll til þess að taka efnislega afstöðu til málsins og verður ekki séð að nokkrar þær breytingar hafi verið á stöðu eða högum stefndu frá því að matsgerð dómkvaddra matsmanna lá fyrir að réttlæti frekari tafir á málinu vegna öflunar yfirmats. Þá er það mat dómsins að fyrirbyggjandi matsgerð, sem er ítarleg, svo og upplýsingar í fyrrgreindri álitsgerð frá árinu 2022 svari öllum þeim spurningum sem stefndi beiðist nú mats á. Auk framangreinds er til þess að líta að samkvæmt 1. mgr. 54. gr. barnaverndarlaga skal kveðja til sérfróðan meðdómsmann til setu í dómi við efnismeðferð málsins og verður stefndu þar heimilt að gefa skýrslu, leiða vitni og leggja fram frekari gögn, m.a. um reynslu þeirra af stuðningsúrræðum og þýðingu þess fyrir niðurstöðu málsins. Samkvæmt öllu framangreindu, og með vísan til dómaframkvæmdar Landsréttar í málum af svipuðum toga, sbr. m.a. úrskurði Landsréttar 13. apríl 2021 í máli nr. 198/2021 og 19. júlí 2022 í máli nr. 426/2022, verður kröfu stefnda um dómkvaðningu yfirmatsmanna hafnað.

Halldóra Þorsteinsdóttir héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kröfu stefndu, A og B, um að dómkvaddur verði yfirmatsmaður til að meta forsjárhæfni þeirra samkvæmt yfirmatsbeiðni, dagsettri 17. desember 2025, er hafnað.